

Allsherjar- og menntamálanefnd
Skrifstofa Alþingis, nefndasvið
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. apríl 2021

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til stuðnings til smærri innlendra áfengisframleiðenda og heimildir til sölu áfengis á framleiðslustað (áfengisgjald, sala áfengis á framleiðslustað) – 495.mál.

Embætti landlæknis þakkar frest og veitt tækifæri á að veita umsögn um málið sem snýr annars vegar að því að innlendum áfengisframleiðendum sem framleiða innan við 1.000.000 lítra af áfengisvökva verði gefinn kostur á allt að 50% þrepaskiptum afslætti af áfengisgjaldi og hins vegar er lagt til að handhöfum áfengisframleiðsluleyfis sem framleiða innan við 1.000.000 áfengislítra á ári verði gert kleift að selja í smásölu áfengi sem í er að rúmmáli til og með 50% af hreinum vínanda á framleiðslustað.

Embætti landlæknis undirstrikar og ítrekar enn og aftur fyrri afstöðu um mikilvægi þess að allar breytingar á málaflokknum kalla á heilðræna nálgun og að erfitt geti verið að leggja mat á einstakar aðgerðir án þess að sérstaklega sé fjallað um mat á heildaráhrifum, bæði tilætluðum og óvæntum. Embættið leggst gegn þeim tillögum sem lagðar eru til í frumvarpinu og öðrum sambærilegum tillögum. Verði tillögurnar samþykktar leggur embættið áherslu á að breytingar verði ekki innleiddar nema sem hluti af opinberri stefnu um málaflokkinn, þá annað hvort í uppfærðri *Stefnu í áfengis- og vímuevörnum* (rann út 2020) eða í nýrri stefnu.

Um er að ræða breytt fyrirkomulag um aukið aðgengi að áfengi sem getur leitt til aukinnar áfengisnotkunar og aukinna skaðlegra áhrifa á heilsu.

Embættið hvetur til þess að unnið verði að heilðrænni stefnumótun í málaflokknum og varar við breytingum sem geta leitt til enn frekari tilslökunar án þess að fyrir liggja rammi eða umgjörð sem tekur tillit til forvarna og lýðheilsu almennt. Í því samhengi vill embættið benda á verkefni Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar, [SAFER](#), sem ætlað er að draga úr áfengistengdum skaða með ýmsum stjórnvaldsaðgerðum. Meðal aðgerða má nefna takmarkanir á aðgengi að áfengi og bann eða víðtækar takmarkanir á auglýsingum, kostun og markaðssetningu á áfengi. Markmið verkefnisins er að veita aðildarríkjum WHO stuðning við að draga úr skaðlegri notkun áfengis með því að efla áframhaldandi innleiðingu Alþjóðlegrar stefnu til að draga úr skaðlegri notkun áfengis, sem er einmitt þessa dagana til endurskoðunar og á að gilda til 2030, og annarra ráðlegginga og leiða WHO og Sameinuðu þjóðanna – þ.m.t. alþjóðlegri aðgerðaáætlun WHO um forvarnir og eftirlit með ósmittbærum sjúkdómum (NCD) og Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna (SDG). Má í því samhengi benda á að eitt af hverju tíu dauðsföllum í Evrópu má rekja til áfengis.

Að lokum vill embættið taka fram að sérfræðingar þess eru reiðubúnir til að vera stjórnvöldum til ráðgjafar um þessi áform eins og kveðið er á um í lögum um landlækni og lýðheilsu.

Virðingarfyllst,

Kjartan Hreinn Njálsson
aðstoðarmaður landlæknis

Rafn M. Jónsson
Sérfræðingur á lýðheilsusviði